



Um nemendaverndarráð

Stofnun nemendaverndarráðs byggir á 40. gr. laga um grunnskóla nr. 91/12. júní 2008. Nemendaverndarráð Grunnskólans á Hólmavík starfar samkvæmt reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/25. júní 2010. Verklagsreglur Nemendaverndarráðs byggja á 11. gr laga nr. 584/2010 og voru samþykktar á fundi fræðslunefndar Strandabyggðar 6. júní 2011.

1. Hlutverk nemendaverndarráðs

Hlutverk nemendaverndarráðs Grunnskólans á Hólmavík er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðipjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Nemendaverndarráð sér um skipulagningu á sérkennslu skólans, skiptingu tíma milli nemenda og hefur frumkvæði að allri umfjöllun um sérþarfir nemenda í skólanum.

2. Skipan nemendaverndarráðs

Nemendaverndarráð Grunnskólans á Hólmavík er skipað til eins árs í senn. Á skólaárinu 2012–2013 eiga eftirtaldir fulltrúar sæti í nemendaverndarráði: Skólastjóri, sem jafnframt er formaður, fulltrúi sérkennslu, sérkennari, leikskólastjóri, skólahjúkrunarfræðingur og Félagsmálastjóri Stranda- og Reykhólahrepps.

3. Fundir, starfstími, og starfsáætlun

Ráðið heldur fundi að minnsta kosti mánaðarlega, helst á tveggja vikna fresti. Fyrsti fundur ráðsins er tímasettur innan starfsáætlunar skólans og skal hann ávallt fara fram í upphafi hvers skólárs á tímabilinu 20. – 31. ágúst. Nemendaverndarráð skal setja sér starfsáætlun sé þess kostur. Halda skal fund í nemendaverndarráði ef a.m.k. tveir fulltrúar í ráðinu óska þess. Fundir nemendaverndarráðs skulu færðir til bókar og fara skal með persónulegar upplýsingar skv. reglum um meðferð trúnaðargagna.

4. Verkferlar

a. Foreldrar nemenda geta óskað eftir athugun, greiningu og ráðgjöf fyrir börn sín. Auk þessa geta skólastjórnendur, kennarar, náms- og starfsráðgjafar, eða eftir atvikum annað starfsfólk skólans eða skólaheilsugæslu, lagt fram ósk um sérfræðiaðstoð í samráði við og með samþykki foreldra. Öllum beiðnum skal vísað skriflega til umsjónarkennara. Sé umsjónarkennari af einhverjum völdum vanhæfur til að fylgja eftir beiðni skal máli vísað skriflega til fulltrúa sérkennslu eða skólastjóra.

b. Þurfi nemandi að mati umsjónarkennara á sérstakri aðstoð að halda vegna fötlunar, sjúkdóms eða námslegra, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika, skal umsjónarkennari vísa málinu skriflega til fulltrúa sérkennslu eða skólastjóra sem leggur málið fyrir nemendaverndarráð. Í rökstuðningi umsjónarkennara þarf að koma fram með skýrum og greinargóðum hætti í hverju aðstoð við nemendann á að felast að hans mati og skulu greinargóðar upplýsingar fylgja um hvað hefur verið gert/reynt til að koma til móts við þarfir nemandans.



Um nemendaverndarráð

c. Nemendaverndarráð fjallar um beiðnir varðandi sérstök úrræði til handa einstaka nemenda. Nemendaverndarráð er aðeins heimilt að fjalla um beiðnir sem lagðar hafa verið fyrir ráðið skriflega og með fullnægjandi rökum en vísar þeim að öðrum kosti aftur til umsjónarkennara.

d. Nemendaverndarráðið metur hvaða viðbótarupplýsinga er þörf og boðar á sinn fund umsjónarkennara og forráðamenn nemenda svo og aðra aðila sem tengjast máli nemandans ef þörf krefur.

e. Nemendaverndarráð skal vinna úr beiðnum eins hratt og kostur er. Ráðið hefur að hámarki 30 daga til að komast að niðurstöðu. Umsjónarkennari og foreldrar skulu upplýstir skriflega um niðurstöðuna.

6. Um eftirfylgd mála

Ákveðnum aðila innan ráðsins er falið að fylgja máli sérhvers nemanda eftir og byggir sú eftirfylgd á sérsviði og eða sérþekkingu fulltrúa sem starfa í ráðinu. Allt ráðið hefur þá skyldu að fylgjast með framvinndu í máli einstakra nemenda. Ráðið greinir hvort þjónustan sem nemandinn fær af hálfu sérfræðinga og starfsfólks skólans sé með fullnægjandi hætti þannig að velferð nemandans sé tryggð og þjónustan sé í samræmi við verklagsreglur skólans, stefnu sveitarfélagsins Strandabyggðar um velferðarmál og félagsþjónustu og lög og reglugerðir um sérfræðiþjónustu í grunnskólum. Ráðið getur á hvaða stigi óskað eftir fundi eða skriflegum upplýsingum um gang mála frá þeim aðilum sem tengjast máli nemandans. Allar greiningar á nemendum og námsaðstæðum þeirra eru gerðar í samráði við og með samþykki foreldra.